

26. OKTÓBER
2023

HARPA
ELDBORG

Gerstein leikur Rakhmanínov

RAUÐ TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverka.

Tímalengd verka

blue cathedral 10'

Píanókonsert 40'

Rómeo og Júlía 37'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1
og er hluti efnisskrár tekinn upp til
sjónvarpsútsendingar 1. nóvember á RÚV.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Gerstein leikur Rakhmanínov

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 26. OKTÓBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Stéphane Denève

hljómsveitarstjóri

Kirill Gerstein

einleikari

Jennifer Higdon

blue cathedral (1999)

Sergej Rakhmanínov

Píanókonsert nr. 3 í d-moll, op. 30 (1909)

Allegro ma non tanto

Intermezzo: Adagio

Finale: Alla breve

Hlé

Sergej Prokofjev

Rómeó og Júlía (1936), svíta tekin saman af Stéphane Denève

Fyrirskipun prinsins (Úr Montagues og Capulets)

Menúett

Barnið Júlía

Grímur

Dans riddaranna (Úr Montagues og Capulets)

Rómeó og Júlía (Svalarsenan)

Friar Lawrence

Dauði Tybalts

Rómeó við graphýsi Júlíu

Dauði Júlíu

For information in English about tonight 's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Stéphane Denève

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Stéphane Denève er tónlistarstjóri St. Louis Sinfóníu-hljómsveitarinnar í Missouri og listrænn stjórnandi Nýjaheims Sinfóníunnar (the New World Symphony) í Flórída. Haustið 2023 tók hann við sem aðalgesta-stjórnandi Fílharmoníusveitar Hollenska útvarpsins en var áður aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar í Philadelphia. Hann hefur verið aðalhljómsveitarstjóri Fílharmoníusveitar Brussel og Útvarpshljómsveitarinnar í Stuttgart (SWR) og starfað sem tónlistarstjóri Konunglegu skosku Þjóðarhljómsveitarinnar.

Denève kemur reglulega fram á helstu tónleikastöðum heims með fremstu sinfóníuhljómsveitum Evrópu og Norður Ameríku og hefur unnið með framúrskarandi einleikurum á borð við Leif Ove Andsnes, Joshua Bell, Augustin Hadelich, Hilary Hahn, Lang Lang, Yo-Yo Ma, Anne-Sophie Mutter og Víking Heiðar Ólafsson.

Denève sem kemur frá Frakklandi hefur lagt sérstaka rækt við tónlist frá heimalandi sínu og hefur hlotið lof og verðlaun fyrir hljóðritun á verkum eftir Poulenc, Debussy, Ravel, Roussel, Franck og Connesson. Stéphane Denève starfar einnig á sviði óperu og leiddi nýja uppfærslu af Pelléas et Mélisande með Konunglegu Concertgebouw hljómsveitinni og Hollensku óperunni árið 2019 á Holland Festival. Hann hefur einnig stýrt uppsetningum við hin ýmsu leik- og óperuhús og á hátíðum og má þar nefna Konunglega óperuhúsið í Covent Garden, Þjóðaróperuna í París, Glyndebourne hátíðina, Scala leikhúsið og Þýsku óperuna í Berlín.



Kirill Gerstein

EINLEIKARI

Kirill Gerstein fæddist í Rússlandi árið 1979 og hóf klassískt píanónám aðeins tveggja ára gamall. Hann lærði að spila jazz með því að hlusta á jazzplötur foreldra sinna og hlaut námsstyrk til þess að læra jazzpíanóleik við Berklee College of Music í Boston aðeins fjórtán ára gamall. Að námi loknu við Berklee flutti hann sig yfir í Manhattan School of Music þaðan sem hann lauk bakkalár- og meistaraþrófi fjórum árum síðar. Í kjölfarið hélt hann til náms hjá Dmitri Bashkirov í Madríd og Ferenc Rados í Búdapest.

Ferill Gerstein hófst fyrir alvöru árið 2000 þegar hann lék píanókonert nr. 1 eftir Brahms með Tonhalle-hljóm-sveitinni í Zürich. Hann hlaut fyrstu verðlaun í Arthur Rubinstein International Piano Master Competition árið 2001 og ári síðar fékk hann Gilmore Young Artist verðlaunin. Árið 2010 hlotnaðist honum sá heiður að verða sjötti verðlaunahafi hinna virtu Gilmore verðlauna sem viðurkenna framúrskarandi píanóleikara á fjögurra ára fresti. Í vetur er Gerstein staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Bæverska útvarpsins, í Wigmore Hall í London og á Festival d'Aix-en-Provence. Þá mun hann koma fram með fílharmoníusveitum Lundúna, New York og Dresden og sinfóníuhljómsveitum St Louis, Birminghamborgar og Tokyo og með Cleveland hljómsveitinni. Hann mun jafnframt frumflytja nýtt verk fyrir fiðlu og píanó eftir Thomas Adès ásamt Christian Tetzlaff, leika verk Brahms, Hindemith, Clarke og Shostakovich með Tabea Zimmermann, horntrío eftir Brahms og Ligeti með Alan Gilbert og Stefan Dohr og svo mun hann flytja verk eftir Stravinsky, Schubert og Liszt á einleikstónleikum í Concertgebouw.

Gerstein hefur tvisvar sinnum áður leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, seinni píanókonert Brahms í Háskólabíói árið 2011 og fyrsta píanókonert Tsjajkovskí árið 2016 í Hörpu.



Tónlistin á Íslandi

Þetta er í fyrsta sinn sem Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur *blue cathedral* en sveitin flutti fiðlukonsert Higdon árið 2019. Smærri verk hennar hafa einnig hljómað nokkrum sinnum hér á landi, meðal annars á tónleikum Elektra Ensemble og Duo Harpverk á Kjarvalsstöðum árið 2013.

Jennifer Higdon

BLUE CATHEDRAL

Jennifer Higdon (f. 1962) er eitt fremsta samtímatónskáld Bandaríkjanna og hefur hún hlotið margvísleg verðlaun fyrir verk sín. Hún hlaut Pulitzer verðlaunin í tónlist árið 2010 fyrir *Fiðlukonsert* sinn. Þá hefur hún hlotið þrenn Grammy verðlaun; fyrir *Slagverkskonsert* árið 2010, *Víðlukonsert* árið 2018, og *Hörpukonsert* árið 2020. Fyrsta ópera Higdon, *Cold Mountain*, hlaut Alþjóðlegu óperuverðlaunin fyrir bestu heimsfrumsýningu og var hljóðritun á óperunni tilnefnd til tveggja Grammy verðlauna. Árið 2018 hlaut Higdon hin virtu Nemmers verðlaun frá Northwestern háskólanum, sem eru veitt samtímatónskáldum sem hafa skarað fram úr og haft veruleg áhrif á tónsmíðasviðið. Nýlega hlaut hún inngöngu í the American Academy of Arts and Letters. Verk hennar má finna á yfir sextíu hljóðritum og eru þau flutt fleiri hundruð sinnum á ári. *blue cathedral* er í dag það samtímaverk fyrir hljómsveit sem er flutt hvað oftast og hefur það verið flutt oft en 750 sinnum um allan heim.

blue cathedral var pantað til þess að fagna 75 ára afmæli Curtis Institute of Music en á þeim tíma var Higdon prófessor í tónsmíðum við skólann. Verkið samdi hún í minningu bróður síns sem hafði skömmu áður látist úr krabbameini. Í prógrammnótum fyrir verkið segir Higdon sjálf að dómkirkjur séu táknaðar dyr inn og út úr þessum heimi og að blár endurspeglir alla möguleika og þróun lífsins. Í verkinu er lögð rík áhersla á tvö hljóðfæri, annars vegar flautu, sem er hljóðfæri Higdon sjálf, og klarínnett sem var hljóðfæri bróður hennar. Í byrjun líkir slagverk eftir kirkjuklukkum áður en strengir hefja leik á viðkvæmu adagio. Undir mjúkum strengjahljómum má heyra flautu og klarínnett skiptast á línunum, rétt eins og þar ætti sér stað samtal milli þeirra systkina. Andrúmsloftið dökkar tímabundið, sem endurspeglar reiði tónskáldsins yfir örlögum, en verkið heldur áfram með skýra stefnu uppá við. Hið mjúka adagio snýr aftur og á leyndardómsfullan hátt heldur klarínettið fór sinni áfram einsamalt allt til loka verksins.



Sergej Rakhmanínov

PÍANÓKONSERT NR. 3 Í D-MOLL, OP. 30

Sergej Rakhmanínov (1873–1943) samdi þriðja píanó-konsertinn fyrir tónleikaferðalag sitt til Bandaríkjanna haustið 1909. Hann var á þessum tíma einn fremsti píanóleikari Rússlands og varði meiri tíma í að koma fram sem píanóleikari og hljómsveitarstjóri en að semja tónlist. Þá, rétt eins og nú, voru tónleikaferðalög góð leið til þess að koma tónlist sinni á framfæri við almenning og afla sér tekna í leiðinni. Rakhmanínov hafði bæði verið nemandi Antons Arenskijs, sem hafði verið nemandi Rimskíj-Korsakoffs, og Taneyevs sem lærði hjá Tsjajkovskíj. Því má segja að Rakhmanínov hafi brúað bilið milli tveggja póla; annars vegar tímalega milli hins „gamla Rússlands“ og Sovétsins, og fagurfræðilega milli þjóðerniskenndar Rimskíj-Korsakoffs og hinnar akademísku rómantíkur Tsjajkovskijs. Þó svo að Rakhmanínov hafi samið mest af sinni tónlist á 20. öldinni tilheyrir tónmál hans rómantík 19. aldarinnar og við lát hans litu sumir hverjir á tónlist hans sem tímaskekkju sem betur tilheyrði fortíðinni.

Sagan segir að Rakhmanínov hafi rétt náð að klára konsertinn áður en hann sigldi af stað og lítill tími hafi gefist til æfinga. Hann hafi því haft með sér strengjalaust píanó í skipið og æft einleikspartinn á það á leiðinni vestur um haf. Verkið endurspeglar vel höfundareinkenni tónskáldsins en píanóparturinn er afar erfiður, gerir sennilega hvað mestar tæknilegar kröfur af öllum rómantískum píanókonsertum sem skrifaðir hafa verið. Í verkinu má finna mjög stóra hljóma, en Rakhmanínov var, eins og frægt er, með mjög stórar hendur og því hefur flutningur á verkinu reynst erfiður. Píanóleikarinn Gary Graffman á að hafa séð eftir því að hafa ekki lært verkið sem nemandi, þegar hann var enn „of ungur til þess að óttast.“ Upphaflega samdi tónskáldið verkið með vin sinn og píanóleikarann Josef Hofmann í huga en Hofmann spilaði það aldrei og sagði að það „væri ekki fyrir hann.“ Rakhmanínov frumflutti það því sjálfur með Sinfóníunni

Tónlistin á Íslandi

Það var hinn 27 ára gamli Vladimir Ashkenazy sem flutti þriðja píanókonsert Rakhmanínovs fyrstur manna á Íslandi árið 1964 undir stjórn Igors Buketoff. Síðan þá hefur verkið verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands með Barböru Nissman (1976), Dmitris Sgouros (1987), Þorsteini Gauta Sigurðssyni (1993), Olli Mustonen (1994), Denis Matsuev (2001), Víkingi Heiðari Ólafssyni (2007 og 2011), Nikolai Lugansky (2016) og Olgu Kern (2020).

í New York undir stjórn Walters Damrosch þann 28. nóvember 1909. Nokkrum vikum síðar var það flutt aftur í New York en þá af Fílharmóníu borgarinnar og var það enginn annar en Gustav Mahler sem hélt um tónsprotann. Þótti Rakhmanínov sérstaklega vænt um þann flutning þar sem Mahler lagði sig allan fram við að ná hinum flókna hljómsveitarparti fullkomnum og hvert smáatriði skipti hann máli. Verkið féll lengi vel í skuggann af öðrum píanókonsertinum og fáir fluttu hann aðrir en tónskáldið sjálf þar til Horowitz tók verkið uppá sína arma og gerði það hluta af efnisskrá sinni.

Fyrsti kafllinn, Allegro ma non tanto, hefst hjá hljómsveitinni með punkteruðu mótífi sem einkennir allt verkið en svo kemur píanóið inn með látaust og dapurlegt stef sem minnir okkur skýrt á Rússland og áhrif Rimskíj-Korsakoffs. Seinna stefið, sem er staccato tilbrigði við punkteraða mótívið, kemur fyrst brotakennt fram hjá horni, klarínetti, trompett, óbó og píanói og svo í fullri mynd í strengjum þar sem það þróast yfir í syngjandi laglínu. Í úrvinnslunni blandast stefin saman og hljómsveitin togast á við píanóið. Rakhmanínov samdi tvær kadensur fyrir fyrsta kafllinn sem einleikarar geta valið á milli. Annar kafllinn, Intermezzo, hefst á mjúkri og lágstemmdri laglínu og leikur hljómsveitin ein fyrstu 32 taktana áður en píanóið stormar inn. Í kaflanum, sem er í tilbrigðaformi, skiptast á stilla og stormur en eftir miðju birtir yfir þegar við heyrum vals í þrískiptum takti. Myrkrið hellist þó yfir á ný áður en píanóið tekur af skarið og rýkur yfir í lokakafllinn, Finale Alla breve. Hér skjóta þemun úr fyrsta kaflanum upp kollinum og hraði, ákafur hrynjandi og punktering leika lykilhlutverk. Um miðbik kaflans minnkar hraðinn um tíma og andrúmsloftið verður afslappaðra áður en spennan magnast á ný og hraðinn eykst. Í þessum kafla fær fingrafimi píanóleikarans sérstaklega að njóta sín og má segja að parturinn sé hálfgerð aflraun einleikarans.



Tónlistin á Íslandi

Rómeo og Júlía Prókofíevs var fyrst flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 1988 undir stjórn Larry Newland í Háskólabíói og svo aftur 1999 undir stjórn Dmitry Sitkovetsky í Laugardalshöll.

Sergej Prokofiev

RÓMEÓ OG JÚLÍA, SVÍTA

Sergej Prokofiev (1891-1953) hafði búið utan Rússlands í kjölfar byltingarinnar árið 1917. Hann hafði samið nokkra balletta eftir að hann fór utan en Rómeo og Júlía var fyrsti ballettinn sem hann samdi sérstaklega til flutnings í Sovétríkjunum. Þó svo Prokofiev ætti tæknilega enn þá heima í París (hann flutti endanlega til baka 1936) þá varði hann bróðurparti ársins 1935 í að vinna í Rómeo og Júlíu í sumarleyfisbæ nærri Oka ánni í Rússlandi. Þar vörðu margir listamenn tengdir Bolshoi leikhúsinu frítíma sínum. Hann skrifaði til vinar síns: „Ég nýt kyrrðarinnar. Ég syndi í Oka, spila tennis við vini og tefli, geng í skóginum með ballerínunum okkar, les og vinn svo í um fimm tíma. ... Ég er í raun ekki að hvíla mig heldur skrifa Rómeo.“ Upphaflega var verkið hugsað fyrir Kirovballettinn (sem heitir núna Mariinskyballettinn) sem var í Leningrad (St. Pétursborg). Það samstarf gekk ekki upp og því bauð Prokofiev Bolshoiballettinum í Moskvu verkið. Bolshoi dansararnir töldu þó verkið „óðansandi“ og því frestaðist ballettuppfærslan enn um sinn. Að lokum var ballettinn frumsýndur í Brno í Tékkóslóvakíu í desember 1938. Prokofiev, sem skiljanlega var svekkur yfir þessum seinkunum, tók saman tvær hljómsveitarsvítur úr ballettinum í lok árs 1936 (merktar op. 64 bis og op. 64.ter en ballettinn var merktur op. 64). Þær hlutu góðar viðtökur og eru enn í dag meðal þeirra verka tónskáldsins sem oftast eru flutt. Árið 1946 tók Prokofiev saman þriðju svítuna (op. 101) en hún hefur verið flutt sjaldnar.

Svítan sem hér er flutt var útbúin af hljómsveitarstjóra kvöldsins, Stéphane Denève, upphaflega fyrir Fílharmóníuna í New York árið 2018. Denève dregur saman brot úr öllum þremur svítunum og mynda þau þessa áhugaverðu útgáfu sem áheyrundur fá að njóta í kvöld.

Þorbjörg Daphne Hall

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Pálína Árnadóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Andrzej Kleina
Olga Björk Ólafsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Þórdís Stross
Justyna Bidler
Margrét Þorsteinsdóttir
Pétur Björnsson
Kristján Matthíasson
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Hekla Finnsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Rita Þorfiris
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Urh Mrak

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Astrid Bjelland
Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Saxófón

Sigurður Flosason

Fagott

Britta Cortabarría
Emilía Rán Benediktsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Asbjörn Ibsen Bruun
Lisa Cooper
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Maximilian Riefellner

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Tom Yaron Meyerson

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigþór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tæknimaður

Á döfinni

16.11 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 20:00



Fílalag og Sinfó

Hlaðvarpið Fílalag hefur undanfarin ár skipað sér sess sem einn vinsælasti tónlistarþáttur landsins en þátturinn hóf göngu sína árið 2014 og þættirnir eru orðnir á þriðja hundrað talsins. Nú stíga þáttastjórnendurnir Bergur Ebbs og Snorri Helgason í fyrsta sinn á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg þar sem þeir leggja á djúpið og fíla tónlist sem fullskipuð sinfóníuhljómsveit flytur í allri sinni dýrð. Hér hljóma klassísk tónverk sem fléttast hafa saman við dægurmenningu og samtímasögu á ýmsan hátt: klassísk verk sem orðið hafa dægurtónlistarmönnum innblástur, popplög sem eiga sér klassískt hliðarsjál og tónlist sem hljómað hefur í vinsælum kvikmyndum eða við merkingarþrungnar aðstæður – allt annars staðar en á sinfóníutónleikum.

Tónleikar fyrir öll þau sem fíla Sinfó.

17.11 **FÖSTUDAGUR**
Kl. 18:00



Philip Glass

Bandaríska tónskáldið Philip Glass hefur haft feikilega víðtæk áhrif á samtímamenninguna en eftir hann liggja óperur, sinfóníur, einleiks- og kammerverk og rafmögnuð verk fyrir hans eigin tónlistarhóp. Auk þess hefur hann átt í frjóu samstarfi við listamenn úr heimi popp-, rokk- og heimstónlistar, rithöfunda, dansara, leikhúsfólk og kvikmyndagerðarmenn svo eitthvað sé nefnt. Óperur Glass á borð við Einstein on the Beach og Akhnaten njóta ævinlega vinsælda þegar þær eru settar upp við helstu óperuhús heims.

Sinfóníur Glass búa yfir sama seiðmagninu, en þær eru nú orðnar fjórtán talsins. Á þessum tónleikum stjórnar Ross Jamie Collins sinfóníu nr. 8, verki frá árinu 2005 sem pantað var af Bruckner-hljómsveitinni í Linz undir stjórn Dennis Russell Davies. Hljómsveitarstjórinn hvatti tónskáldið til að „líta á hljómsveitina sem samansafn virtúósískra einleikara á borð við þá sem einleiks-konsertar eru gjarnan skrifaðir fyrir“.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Bartók og Beethoven

9. NÓVEMBER

Hetjuhljómkviða Ludwigs van Beethoven er eitt af tímamótaverkum tónlistarsögunnar. Með henni markaði Beethoven nýja og áður óþekkta braut í skrifum fyrir sinfóníuhljómsveit og gætir áhrifanna enn í dag, enda er hún sívinsæl meðal áheyrenda. Fiðlukonsert Bartóks er annað tímamótaverk, hrífandi kveðja tónskáldsins til ættjarðarinnar sem var að hverfa í skugga fasismans. Konsertinn hljómar hér í flutningi eins fremsta fiðluleikara heims á sviði tuttugustu aldar tónlistar, Leilu Josefowicz, sem einnig er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Auk stórvirkja 19. og 20. aldarinnar hljómar á tónleikunum glænýtt íslenskt tónverk Veronique Vöku, Inmost, og má því segja að þrjár aldir renni hér saman í spennandi tónlistarveislu undir stjórn Evu Ollikainen.

MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS